



4. FUNDUR Á MIÐÖNN 2020-21, MIÐVIKUDAGINN 27. JANÚAR KL. 11:15

Zoom fundur

**1. Bréf til skólaráðs**

**A. Umsóknir um leyfi:**

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemanda.

Skólaráð ítrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlok ef skólasókn er að öðru leyti góð – miðað er við 97% skólasókn fyrir utan þá daga sem sótt er um leyfi fyrir. Skólaráð ítrekar að leyfin eiga við um mætingu en ábyrgðin á náminu og skilaverkefnum er hjá nemandanum.

**B. Önnur bréf:**

Einn nemandi sækir um undanþágu frá dönsku til stúdentsprófs. – Vísað til skólameistara.

Einn nemandi sækir um undanþágu frá stærðfræði til stúdentsprófs. – Vísað til kennslustjóra í stærðfræði til umsagnar.

**2. Félagslíf og fjármál NFFG**

Vökunótt sem áætluð var 5. feb. er frestað um óákveðinn tíma. Söngkeppni 3. feb. og Morfís á Akureyri um helgina – Gettu betur liðið keppir á móti liði MR í sjónvarpssal 12. febrúar.

NFFG vill útbúa Félagshorn í skólanum á fyrstu hæðinni. Athugasemd frá skólameistara er skoða þurfi vel fyrirfram allt sem snýr að umgengni á þessu svæði. Skólinn tilbúinn að koma til móts við NFFG í því að koma þessu í kring.

Skólameistari alfarið á móti öllum bílferðum til Akureyrar í tengslum við Morfís, keppnislíðið mun fljúga og skólameistari mun senda bréf til allra foreldra og mæla gegn bílferðum nemenda norður á þessum árstíma.

**3. Önnur mál**

Heilsunefndin mun standa fyrir skráningu starfsfólks í Lífshlaupið og vill reyna að virkja nemendur í þetta líka. NFFG mun auglýsa meðal nemenda. Í boði verða þátttökuverðlaun.

**Fundinn sátu:**

Anna Sóley Stefánsdóttir forseti NFFG

Auður Sigurðardóttir náms-og starfsráðgjafi

Dagný Hulda Broddadóttir náms-og starfsráðgjafi

Guðmundur Stefán Gíslason verkefnastjóri

Irena Ásdís Óskarsdóttir forvarnafulltrúi

Íris Hvanndal Skaftadóttir fulltrúi kennara

Kristinn Þorsteinsson skólameistari

Kristín Helga Ólafsdóttir áfangastjóri og fundarritari

Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari og fundarritari

Snædís Snæbjörnsdóttir fulltrúi kennara

Tinna Ösp Arnardóttir félagsmálafulltrúi

Þórgunnur Lára Gunnarsdóttir fulltrúi NFFG

